

Aganefnd LH

Mál nr. 1/2007

Aganefnd LH kom saman 9. maí 2007. Í aganefnd eru Þorvaldur Sigurðsson formaður, Atli Már Ingólfsson og Sæþór Fannberg.

Tekið er fyrir mál nr. 1/2007,

Frá yfirdómnefnd á íþróttamóti Léttis, Akureyri, 5. maí 2007/ Þorbjörn Hreinn Matthíasson keppandi mótsins.

Tekin er fyrir skýrsla yfirdómnefndar á móti Léttis sem haldið var á Akureyri, 5. maí 2007.

Yfirdómnefnd mótsins skipuðu:

Einar Örn Grant, yfirdómari

Ásgeir Valdimarsson, mótsstjóri

Birgir Árnason, fulltrúi knapa.

Fyrir liggur skýrsla yfirdómnefndar mótsins.

Málsatvik:

Í skýrslu yfirdómnefndar kemur fram að knapi, Þorbjörn Hreinn Matthíasson, mætti ekki í fjórgang fullorðinna, tilkynnti ekki forföll og gaf engar útskýringar á atvikinu. Keppandinn sem um ræðir fékk ekki rautt spjald eða áminningu á staðnum.

Niðurstaða aganefndar LH:

Niðurstaða aganefndar er að samkvæmt skýrslu yfirdómnefndar hefur yfirdómnefnd tilkynnt agabrot ofangreinds knapa. Við slíku agabroti skal veita rautt spjald og eins mánaðar keppnisbann.

Forsendur fyrir niðurstöðu aganefndar:

Lög og reglugerðir um keppni á vegum LH, málsgrein 2.8.7.2

Ef keppandi er uppvís að því að lítilsvirða mótshald með því að mæta ekki til leiks, án þess að tilkynna forföll með löglegum hætti, jafngildir það rauðu spjaldi. Rétt til að bera fram kæru hefur yfirdómnefnd/framkvæmdanefnd.

Aðild að málinu er rétt.

Reykjavík 9. maí 2007

Þorvaldur Sigurðsson

Atli Már Ingólfsson

Sæþór Fannberg